

**Hluthafafundur Atorku Group hf. | 21. október 2009 | Hilton Hótel**

---

**→ Atorka Group hf.**


---

**Kynning á fjárhagslegri endurskipulagningu og nauðasamningsfrumvarpi**




## Tillaga um nauðasamning við kröfuhafa

- Stjórn Atorku hefur ákveðið að leggja til við hluthafafund að félagið leiti nauðsamnings við kröfuhafa sína.
- Þessi ákvörðun er niðurstaða af löngu ferli við endurskipulagningu á fjárhag félagsins sem hófst við hrun íslenska bankakerfisins og samráði stjórnar félagsins við helstu lánardrottna
- Það liggur fyrir að óvissa ríkir um verðmæti eigna Atorku í kjölfar alþjóðlegrar efnahagslæggðar. Vegna þeirra öfga sem hafa verið í efnahagsmálum liggur fyrir að virði hlutafjár í félaginu er ekkert í dag.
- Stjórn félagsins hefur leitað allra mögulegra leiða til þess að hluthafar félagsins fengju aðkomu af ávinning af fjárhaglegri endurskipulagningu félagsins en þær tilraunir hafa reynst árangurslausar.
- Viðhorf helstu lánardrottna hefur verið að þar sem eignir félagsins eru nú umtalsvert lægri en skuldir verði að afskrifa hlutafé félagsins.
- Skv. frumvarpi að nauðasamningi endurfjármagna kröfuhafar Atorku með því að umbreyta kröfum sínum í lán og hlutafé í ákveðnum hlutföllum. Kröfuhafar eignast allt hlutafé félagsins.

# Tímalína helstu atburða frá síðasta hausti



# Heildareignir Atorku námu 29,7 mia. kr., 30. september 2009



- Promens er langstærsta eign Atorku enda nemur verðmæti Promens um 99% af verðmæti allra óskráðra eigna félagsins.
- Nokkrar óskráðar eignir þ.e. Geysir Green Energy, Björgun og Romag eru veðsettar NBI hf.
- Eignarhlutir í ýmsum öðrum félögum hafa verið afskrifaðir að fullu í bókum félagsins þann 30. september 2009.

# Efnahagsreikningur Atorku 30. september 2009

<b>Eignir</b>	<b>30.9.2009</b>
<b>Lán og kröfur</b>	<b>m.ISK</b>
Lán og kröfur - ótengdir aðilar.....	331
Lán og kröfur - dótturfélög.....	696
<b>Lán og kröfur samtals.....</b>	<b>1.027</b>
<b>Skráðar fjárfestingar</b>	
Skráðar fjárfestingar (NWF Group, CPS, INB, AENV og aðrar skráðar).....	6.644
<b>Skráðar fjárfestingar samtals.....</b>	<b>6.644</b>
<b>Óskráðar fjárfestingar metnar á gangvirði</b>	<b>m.ISK</b>
Eignarhlutur í Promens + breytanlegt skuldabréf.....	21.082
Aðrar óskráðar fjárfestingar.....	124
<b>Óskráðar fjárfestingar metnar á gangvirði samtals.....</b>	<b>21.206</b>
<b>Aðrar eignir</b>	
Handbært fé.....	818
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>29.695</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>30.9.2009</b>
<b>Skuldabréf</b>	<b>m.ISK</b>
Skráð skuldabréf.....	34.301
<b>Skuldabréf samtals.....</b>	<b>34.301</b>
<b>Lán og aðrar skuldir við fjármálastofnanir</b>	<b>m.ISK</b>
Lán og aðrar skuldir við fjármálastofnanir.....	12.759
<b>Lán samtals</b>	<b>12.759</b>
<b>Aðrar skuldbindingar</b>	
Gengisvarnir.....	2.091
<b>Aðrar skuldbindingar samtals.....</b>	<b>2.091</b>
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>49.151</b>
<b>Eigið fé samtals.....</b>	<b>(19,459)</b>

## Efnahagsreikningur Atorku 30. september 2009


- Skráðar fjárfestingar Atorku eru uppreiknaðar miðað við skráð markaðsgengi fyrirtækjanna í kauphöllum og miðað við gengisvísitölu íslensku krónunnar á viðmiðunardegi.
- Hafa ber í huga að stjórnendur félagsins eru búnir að færa virði einstakra fjárfestinga umtalsvert niður. Þannig má til dæmis tiltaka að eignarhlutur Atorku í RER ehf. er ekki tekinn inn sem eign í efnahagsreikning félagsins.
- Aðrar óskráðar innlendar eignir eru óverulegar og búið er að afskrifa að hluta lán og kröfur á dótturfélög þannig að bókfærð staða endurspegli væntar heimtur í framtíð.
- Skuldahlið efnahagsreiknings er sett fram miðað við uppreiknaða stöðu lána. Deilur eru á milli félagsins og gömlu bankanna um mat og uppgjör á gjaldmiðlasamningum. Ekki er ólíklegt að úr þessum ágreiningi verði skorið fyrir dómstólum landsins.
- Miðað við ofangreindar forsendur er eigið fé Atorku neikvætt um ríflega 19,5 milljarða króna.

## Promens er langverðmætasta eign Atorku

- Promens samanstendur af þremur kjarnasviðum: Umbúðaframleiðslu (e. packaging), íhlutaframleiðslu (e. components) og hverfisteypu (e. rotomolding). Félagið rekur um 55 verksmiðjur í 20 löndum (að megninu til í Evrópu og N-Ameríku) og er með um 4.500 starfsmenn. Síðasti fjórðungur ársins 2008 og fyrri hluti árs 2009 hafa verið erfiðir í rekstri Promens.
- Mikill efnahagssamdráttur hefur verið á helstu markaðssvæðum Promens frá síðari hluta ársins 2008. Til að mæta minnkandi eftirspurn standa nú yfir verulegar hagræðingaraðgerðir sem m.a. felast í lokun á átta verksmiðjum á þessu ári og fækkun á starfsfólki í öðrum verksmiðjum.
- Áætlanir stjórnenda Promens gera ráð fyrir að kostnaður vegna hagræðingaraðgerðanna muni skila sér í betri rekstri á um einu ári. Hagræðingaaðgerðinar eru langt á veg komnar og eru á áætlun. Starfsmönnum Promens fækkar úr 5.200 í 4.500 á þessu ári og hefur þá fækkað um 1.200 frá árinu 2007.
- Rekstur Promens hefur batnað verulega síðustu mánuðina samhliða bata á mörkuðum. Promens hefur talsverða ónýtta afkastagetu sem nýtist vel þegar eftirspurnin mun aukast að nýju.
- Það er mat stjórnenda Promens að fjárpörf félagsins til ársloka 2010 gæti numið um 15-20 milljónum evra vegna uppbyggingar og endurfjármögnunar.

## Verðmæti á eignarhlut Promens í nauðasamningi

- Tvö erlend ráðgjafafyrirtæki unnu nýverið verðmat á eignarhlut Atorku í Promens.
- Í greinargerð með nauðasamningsfrumvarpi er gerð nákvæm grein fyrir forsendum og aðferðafræði að baki verðmötunum.
- Sú tillaga er lögð fram að við nauðasamninginn verði mögulegt verðmæti Promens metið út frá meðaltali á varfærnunum verðmötum ráðgjafafyrirtækjanna tveggja.




- Samkvæmt þessari aðferð við verðmat á Promens vegna nauðasamningsfrumvarps verður hlutur Atorku í Promens metinn á EUR 61,5 milljónir eða ISK 11,2 milljarða.




# Verðmæti á skráðum eignum Atorku í nauðasamningi

- Virði skráðra fjárfestinga Atorku er metið út frá markaðsvirði þeirra þann 30. september 2009 og miðað við gengisskráningu Seðlabanka Íslands þann sama dag.




- Miðað við þessar forsendur er verðmæti á skráðum eignum Atorku metið ríflega 6,6 milljarðar króna og er sú upphæð lögð til grundvallar í nauðasamningsfrumvarpinu.
- Frá 30. september hafa þessar skráðu eignir hækkað um 600 milljónir sem gefur góðar vonir um að endanlegt verðmæti þessara eigna gæti orðið verulega herra en gert er ráð fyrir í nauðasamningsfrumvarpinu.

# Stutt yfirlit yfir helstu skráðar eignir Atorku




## Interbulk – markaðsvirði 41% hlutar er 1,2 milljarðar króna

- Verð félagsins á hlutabréfamarkaði hefur lækkað mikið síðustu misseri. Verðþróunin hefur nú snúið við og hafa bréf félagsins verið að hækka síðustu mánuði. Áfram er unnið að uppbyggingu félagsins á vaxtarmörkuðum í Asíu/Kína, Rússlandi og í Mið-Austurlöndum.




## CPS – markaðsvirði 24% hlutar er 962 milljónir króna

- Pöntunarstaða félagsins er góð um þessar mundir þó vissulega hafi markaðsaðstæður talsverð áhrif á vöxt félagsins. Verð á hlutabréfum félagsins hefur hækkað síðustu mánuðina.



## NWF – markaðsvirði 25% hlutar er 2,3 milljarðar króna

- Vaxtaberandi skuldir hafa lækkað um 63% milli ára úr 52 m GBP í 19 m GBP auk þess sem EBITDA félagsins hefur verið stöðug. Rekstur félagsins stendur vel af sér núverandi markaðsaðstæður. Verð félagsins á hlutabréfamarkaði hefur lækkað talsvert síðustu misseri en sú þróun hefur nú snúist við.



## Asia Environment – markaðsvirði 18% hlutar er 1,8 milljarðar króna

- Helsti veikleiki félagsins er fjármögnun en verulegar fjárfestingar liggja í hverri vatnshreinsistöð. Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið með stærstu hluthöfum félagsins að frekari uppbyggingu. Virði félagsins hefur verið að hækka umtalsvert síðustu mánuðina eftir nokkra lækkun á síðustu misserum.

# Lánardrotnar og aðrir kröfuhafar félagsins

→ Í meðfylgjandi töflu koma fram upplýsingar um lánardrotna Atorku skv. mati félagsins á stöðu afleiðusamninga og annarra skuldbindinga.

Lánardrotnar Atorku	Hlutfall
NBI.....	41,70%
Íslandsbanki.....	14,78%
Glitnir banki.....	9,33%
LSR.....	4,52%
Nýja Kaupping.....	4,49%
SPRON.....	4,13%
Sameinaði Lífeyrissjóðurinn.....	3,65%
Landsbanki Íslands.....	2,31%
Íslandssjóðir.....	1,59%
Gildi.....	1,27%
Festa Lífeyrissjóður (Jöklar VB).....	1,24%
Íslensk Verðbréf.....	1,22%
Stafir.....	1,16%
BYR / rekstrarfélag BYR.....	1,14%
Stapi.....	1,03%
Aðrir smærri kröfuhafar < 1% (samtals 22 aðili).....	6,43%
<b>Samtals.....</b>	<b>100,0%</b>

# Valkostir vegna ógjaldfærni félagsins

- Það liggur fyrir að aðgerða er þörf til að endurskipuleggja fjárhag Atorku. Óraunhæft er að félagið nái að standa af sér ágang síðustu missera nema með beinni aðkomu lánardrottna við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins.
  - Miðað við drög að efnahagsreikningi félagsins þann 30. september 2009 er eigið fé móðurfélags Atorku neikvætt um tæplega 20 milljarða króna.
  - Vaxtaberandi skuldir félagsins eru of háar til að undirliggjandi rekstur dótturfélaga Atorku geti staðið undir vaxtabyrði af skuldum.
  - Talsverð fjármögnunarpörf er líkleg hjá Promens sem ólíklegt er að Atorka geti aðstoðað við að óbreyttu.
- Fyrir liggur að lánardrottnar félags telja nauðsynlegt að færa niður hlutafé félagsins í fjárhagslegri endurskipulagningu þess
- Tveir valkostir eru í stöðunni:
  - Gjaldprotaskipti félags
  - Nauðasamningur við kröfuhafa
- Það er mat stjórnar félagsins að það sé ekki fýsilegur kostur að lýsa Atorku gjaldprota enda mundi sú aðgerð hafa í för með sér verulega verðyrnun eigna.
- Það er skylda stjórnar félagsins að gæta að hagmunum lánardrottna félagsins þegar virði hlutafjár er uppuríð.
- Niðurstaða stjórnar Atorku er að leita nauðasamninga við kröfuhafa en nánar er fjallað um forsendur og markmið nauðasamningsfrumvarpsins á næstu glærum.

# Endurmat á efnahagsreikningi fyrir nauðasamningsfrumvarp

- Framtíðarvirði Promens hefur ráðandi áhrif á endurheimtuhlutfall kröfuhafa Atorku. Í samráði við fulltrúa stærstu kröfuhafa var ákveðið að færa varúðarfærslu á Promens að fjárhæð 9,9 milljarða króna sem leiðir til þess að bókfært virði Promens í nauðasamningnum er áætlað 11,2 milljarðar sem jafngildir 61,5 milljónum evra.

Efnahagsreikningur	Pro forma 30/9/2009	Varúðar- færsla	Forsendur nauðasamnings 30. sep 2009
<b>Eignir:</b>			
Lán og kröfur.....	1.027		1.027
Eignarhlutur í skráðum félögum.....	6.644		6.644
Eignarhlutur í Promens.....	21.083	-9.914	11.169
Eignarhlutur í öðrum óskráðum félögum.....	124		124
Handbært fé.....	817		817
<b>Eignir, samtals.....</b>	<b>29.695</b>		<b>19.781</b>
<b>Skuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir og skuldabréf.....	47.061		47.061
Afleiðusamningar (deila, óuppgert).....	2.091		2.091
<b>Skuldir, samtals.....</b>	<b>49.152</b>		<b>49.152</b>
Eigið fé.....	-19.457		-29.371
<b>Skuldir og eigið fé, samtals.....</b>	<b>29.695</b>		<b>19.781</b>

## Yfirlit yfir helstu atriði nauðasamnings

- Kröfuhafar sem fara með sammingskröfur á hendur félaginu þar sem heildarfjárhæð kröfu nemur **kr. 250.000 eða lægri fjárhæð** miðað við þann dag er félagið fékk heimild til að leita nauðasamnings munu fá kröfur sínar **greiddar að fullu með reiðufé** eigi síðar en sex vikum eftir að nauðasamningur félagsins hefur verið staðfestur með endanlegum úrskurði eða dómi.
- Kröfur kröfuhafa er falla undir þessa grein bera ekki vexti frá þeim degi er nauðasamningur kemst á og til gjalddaga.
- Kröfuhöfum sem fara með sammingskröfur á hendur félaginu þar sem heildarfjárhæð nemur **kr. 250.001 eða hærri fjárhæð** miðað við þann dag er félagið fékk heimild til að leita nauðasamnings munu fá kröfur sínar að fullu greiddar að fullu:
  - Með **eingreiðslu að fjárhæð kr. 250.000** og
  - Með því að fá afhenta, í kjölfar fullrar niðurfærslu núverandi hlutafjár fyrirtækisins, **nýja hluti í félaginu, er svara til 92% kröfufjárhæðar þeirra**, á genginu 1, og skal nafnverð hlutafjár hvers lánardrottins þannig nema 92% af heildarfjárhæð kröfu hans.
  - Með því að fá **8% efndir heildarkröfu sinnar greiddar með hlutfallslegri hlutdeild í skuldabréfi** sem félagið mun gefa út til kröfuhafa sinna. Meginskilmálar skuldabréfsins eru að gjalddagi skuldabréfsins skal vera 31. desember 2011 og skal skuldari þá greiða allan höfuðstól skuldabréfsins, auk áfallinna vaxta frá útgáfudegi skuldabréfsins.
  - Félagið skal hafa einhliða heimild til að framlengja skuldabréfinu einu sinni um allt að 12 mánuði, þannig að gjalddagi bréfsins getur síðast orðið 31. desember 2012. Vextir skulu vera fastir vextir, **17,5% p.a.** Sérstök ákvæði eru um breytingu eftirstöðva skuldabréf í hlutafé ef lausafé er ekki fyrir hendi í félaginu til að greiða það upp á gjalddaga.

## Meðferð á eignum eftir endurskipulagningu

- Áætlun um endurskipulagningu félagsins byggir á þeirri grunnforsendu að til að tryggja megi sem hæstar endurheimtur sé nauðsynlegt að taka yfirvegaðar ákvarðanir um eignasölu út úr Atorku.
- Félagið verður að vera í stakka búið að styðja við eignir svo ekki þurfi að koma til nauðungarsölu eigna.
- Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið með Promens og að félagið verði ekki selt næstu þrjú árin.
- Áætlað að aðrar eignir verði seldar á næstu 1-3 árum fyrir um 8 milljarða króna.
- Hluti þeirrar fjárhæðar verður nýttur til að styðja við aðrar eignir félagsins.
- Mikilvægt er að árétta að félagið mun ekki selja eignir nema að markaðsaðstæður séu ásættanlegar og félagið mun taka þann tíma sem þurfa þykir við eignasöluna til að hámarka endurheimtur.

## Meðferð krafna og endurheimtuhlutfall

- Samkvæmt áðurgreindum forsendum um munu fyrstu 3,5 milljarðarnir sem skila sér við sölu eigna verða skildir eftir inni í Atorku til að styðja við aðrar eignir félagsins eins og dregið er fram í töflunni að neðan.

### Meðferð söluandvirðis 2010-2012 mISK

Andvirði af sölu eigna sem verður haldið eftir í Atorku.....	3.500
Afgangur af andvirði eigna verður borgaður út í gegnum skuldabréf.....	4.000

### Samtals söluandvirði 2010-2012..... 7.500

- Söluandvirði eigna umfram þessa 3,5 milljarða verður dreift pro rata til kröfuhafa Atorku skv. ákvæðum skuldabréfsins.
- Gert ráð fyrir að kröfuhafar breyti kröfum að fjárhæð 49 milljörðum króna á neðangreindan máta.

### Meðferð krafna (m.kr.) og endurheimtuhlutfall (%) Nafnverð Virði

Greitt með skuldabréfi á Atorku.....	4.000	4.000
Umbreyting krafna í hlutafé í Atorku.....	45.152	15.781

### Samtals..... 49.152 19.781

### Endurheimtuhlutfall..... 40,2%

- Miðað við þessar forsendur er endurheimtuhlutfall kröfuhafa 40,2%



# Efnahagsreikningur Atorku eftir nauðasamning

- Ljóst er að efnahagur Atorku verður mjög sterkur að loknum nauðasamningi og reiknað eiginfjárhluðfall Atorku verður tæplega 80% sem veitir félaginu mikið svigrúm til að hámarka virði eigna og styðja við dótturfélög sín í gegnum umrótatíma.

Efnahagsreikningur	Pro forma 30/9/2009	Varúðar- færsla	Forsendur nauðasamnings 30. sep 2009	Breytingar við nauða- samning	Nýjar skuldir	Ehr. eftir nauðasamning
<b>Eignir:</b>						
Lán og kröfur.....	1.027		1.027			1.027
Eignarhlutur í skráðum félögum.....	6.644		6.644			6.644
Eignarhlutur í Promens.....	21.083	-9.914	11.169			11.169
Eignarhlutur í öðrum óskráðum félögum....	124		124			124
Handbært fé.....	817		817			817
<b>Eignir, samtals.....</b>	<b>29.695</b>		<b>19.781</b>			<b>19.781</b>
						0
<b>Skuldir:</b>						0
Skuldir við lánastofnanir og skuldabréf.....	47.061		47.061	-47.061	4.000	4.000
Afleiðusamningar (deila, óuppgert).....	2.091		2.091	-2.091		0
<b>Skuldir, samtals.....</b>	<b>49.152</b>		<b>49.152</b>	<b>-49.152</b>	<b>4000</b>	<b>4.000</b>
						0
Eigið fé.....	-19.457		-29.371			15.781
						0
<b>Skuldir og eigið fé, samtals.....</b>	<b>29.695</b>		<b>19.781</b>			<b>19.781</b>

# Niðurstöður

- **Stjórn Atorku telur að gjaldprot félagsins geti haft mjög slæmar afleiðingar fyrir virði eigna félagsins.**
  - Skilaboð um að eigandi sé gjaldprota gerir dóttur- og hlutdeildarfélögum erfitt um vik í rekstri og fjármögnun.
  - Hröð sala skiptastjóra á eignum mun leiða til lægri verða á eignum.
- **Þegar virði hlutafjár í félagi hefur þurrkast út hefur stjórn félagsins þær skyldur að gæta að hagsmunum kröfuhafa.**
- **Stjórnin telur að nauðasamningur við kröfuhafa muni vernda betur virði eigna félagsins og tryggi þannig betur hagsmuni kröfuhafa en gjaldprot.**
- **Með því að kröfuhafar fallist á að umbreyta kröfum sínum að hluta í skuldabréf annars vegar og hins vegar í hlutafé í Atorku styrkist efnahagur félagsins þannig að það verði í stakk búið til að styðja við eignir sínar fram til þess tíma sem þær verða seldar á næstu árum.**

## Tillaga stjórnar Atorku Group hf. til hluthafafundar

- Tillaga stjórnar Atorku Group hf. um að hluthafafundur feli stjórninni að leita eftir heimild héraðsdóms til nauðasamningsumleitana.
- Stjórn Atorku Group hf. gerir þá tillögu að hluthafafundur í félaginu, haldinn miðvikudaginn 21. október 2009, feli stjórn félagsins að leggja fram beiðni hjá Héraðsdómi Reykjaness um heimild til að leita nauðasamnings fyrir félagið.
- Stjórn Atorku Group hf.

# Lagalegur fyrirvari

- Kynning þessi var unnin af ráðgjafarfyrtækinu Möttli ehf. Kynningin er eingöngu unnin fyrir viðtakendur hennar til glöggvunar á stöðu mála og framtíðarhorfum Atorku.
- Þær upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru ekki tæmandi og eru undirorpnar breytingum, uppfærslum, endurskoðun og viðbótum. Kynningin felur ekki í sér allar þær upplýsingar um Atorku sem viðtakendur hennar kunna að krefjast. Engin skylda hvílir á Atorku til þess að afhenda viðtakendum kynningar þessarar aðrar upplýsingar um Atorku eða lagfæra villur sem kunna að koma fram í henni.
- Viðtakendur kynningar þessarar skulu framkvæma, eða láta gera, könnun eða greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í kynningu þessari. Viðtakendum er ráðlagt að leita sér sérfræðiaðstoðar til þess að leggja mat á þær upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari.
- Hvorki Atorka né tengdir aðilar, samstarfsaðilar, stjórnendur, hluthafar, framkvæmdastjórar, starfsmenn, fulltrúar, umboðsaðilar eða aðrir aðilar sem kunna að tengjast félaginu geta ábyrgst, lýst yfir, staðhæft eða gefið í skyn að þær upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari séu tæmandi. Ofangreindir aðilar eru undanþegnir allri ábyrgð á innihaldi kynningar þessarar eða öðrum upplýsingum tengdum henni sem kunna að vera gefnar viðtakendum.
- Kynning þessi inniheldur staðhæfingar, fjárhagsáætlanir og afkomuspár í samræmi við líklega frammistöðu Atorku í framtíðinni. Ofangreindar staðhæfingar, fjárhagsáætlanir og afkomuspár eru byggðar ályktunum sem dregnar hafa verið af framkvæmdastjórn Atorku um líklega afkomu félagsins í framtíðinni. Engin ábyrgð er tekin á því að ofangreindar staðhæfingar, fjárhagsáætlanir og afkomuspár reynist réttar.
- Kynning þessi er trúnaðarmál og er efni hennar einungis ætlað þeim sem hana fá afhenta. Viðtakendur kynningar þessarar mega ekki afrita, dreifa né ræða efni hennar við þriðja aðila (nema sérfræðinga á vegum viðtakenda að því skilyrði uppfylltu að fullum trúnaði sé gætt).